

Mál 08/2019

Miðvikudaginn 14. ágúst, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 08/2019

Hundaræktarfélag Íslands

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

#### I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (Hundaræktarfélags Íslands) sem barst siðanefnd 30. janúar 2019 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða hafi gerst brotleg við reglugerð um ættbókarskráningu þar sem við skráningu á hvolpum fæddum 4.8.2018 hafi komið í ljós að rakki A var ekki með gilt augnvottorð við þörun við tíkina B. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 05. febrúar 2019 og henni gefinn andmælafrestur til 05. mars 2019. Kærða svaraði ekki efnislega. Ítrekun var send 7.3.2019 og gefinn var viðbótarfrestur til 14.3.2019 en ekki barst svar. Öll vottorð og niðurstöður (eftirá tekin) voru tekin gild og hafa öll afkvæmi verið ættbókarfærð. Ákveðið að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Við skráningu á hvolpum fæddum 4.8.2018 hafi komið í ljós að rakkinn A var ekki með gilt augnvottorð við þörun við tíkina B en skv. reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ þurfa þær að vera til staðar. Kærandi telur að með þöruninni hafi kærðu brotið gegn reglum um skráningu í ættbók HRFÍ. Rakkinn er af kyninu Lhasa Apso og er í eigu kærðu.

#### III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn.

Félagsmönnum ber enn fremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gild vottorð fyrir þörun um heilsufarsskoðun. Samkvæmt reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið kafla VI. sem hefur að geyma reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um tegundina: Lhasa apso

*Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við þörun. Lámarsaldur tíka við þörun er 20 mánaða.*

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að tilskilin vottorð lágu ekki fyrir við þörun en slík vottorð eru gögn sem eru áskilin um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að þau liggja fyrir við þörun til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér erfðagalla eða sjúkdóma. Það breytir ekki brotinu að hundurinn hafi staðist skoðun eftir, það var ekki fyrir séð og telst kærða því vera brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

#### IV. Niðurstaða

Kærða X telst hafa gerst brotleg gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt öðru sinni.

F.h. siðanefndar

---

Klara Símonardóttir

---

Anna D. Hermannsdóttir

---

Ásta María Karlsdóttir